

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 18. júlí 2018
UST201806-362/B.S.
10.05.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla - Kerlingarfjöll –
Hálendismiðstöð. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda frummatsskýrslu.

Um er að ræða uppbyggingu ferðaþjónustu í Ásgarði í fjórum áföngum og mun gistirýmum fjölga úr 167 í 320 bæði í uppþúnum rúmum og í svefnpokaplássum. Hluti þeirra mannvirkja sem fjallað er um í mati á umhverfisáhrifum hefur þegar verið byggður. Fyrirhuguð mannvirkjagerð er á núverandi bílastæðum og lóðum. Talsverður fjöldi eldri smáhýsa er á svæðinu og er ráðgert að fjarlægja þær byggingar sem framkvæmdaaðili ræður yfir og endurbæta fráveitu og innviði á svæðinu. Talsverð umræða hefur verið um uppbyggingu á hálendinu og þá sérstaklega um þjónustustig í hálendismiðstöðum og áhrif þess á upplifun ferðamanna. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á svæði þar sem mannvirki af ýmsum gerðum hafa staðið í hálfa öld og eru því mörg þeirra úrelt og í léglegu ásigkomulagi. Áhrif mannvirkjagerðar í Ásgarði eru því að miklu leyti fram komin hvaða varðar áhrif á víðerni, sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Fyrirhuguð mannvirki eru að vísu talsvert meiri að umfangi en þær byggingar sem fyrir eru en verða sameinaðar á einn stað með samræmdu útliti í stað þess að vera ósamstæð smáhýsi sem byggð hafa verið á ýmsum stöðum í Ásgarði án mikils skipulags að því er virðist.

Umhverfisstofnun telur að skipting Kerlingarfjalla í svæði þar sem mannvirkjagerð verður einskorðuð við Ásgarð eins og gert er í friðlýsingartillögum stuðli að því að standa vörð um „óbyggðaupplifun“ í Kerlingarfjöllum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framsetningu í frummatsskýrslu:

Valkostir Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að fyrsti áfangi hafi þegar verið byggður og tekinn í notkun er hæpið að telja þann kost samsvara 0-kosti. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi frekari grein fyrir valkosti 4 í ljósi þess sem segir á bls. 34 í greinargerð: „Ef valkostur 4 verður valinn sem form endanlegrar byggingar í Ásgarði þá kæmi hann í stað valkosti 3.“ Þetta er ekki nægjanlega auðskilið sbr. töflu 8 þar sem valkostur 4 kemur til viðbótar við valkost 3.



Þrátt fyrir að greining valkosta mætti vera skýrari að mati Umhverfisstofnunar telur stofnunin valkosti 3 og valkost 4 bestu kostina þar sem mannvirkjunum verður fyrirkomið á einum stað og eldri mannvirki fjarlægð og ætti ásynd Ásgarðs að breytast til hins betra við þessar aðgerðir.

Bílastæði Umhverfisstofnun telur vanta umfjöllun um hvernig ætlunin sé að koma bílum fyrir við hálendismiðstöðina. Gera þurfi grein fyrir staðsetningu bílastæða fyrir hvern valkost miðað við fulla nýtingu hverrar einingar og fullnýtt tjaldstæði. Umhverfisstofnun telur að það sem jákvæð ásynd svæðisins batni við það að fjarlægja stakstæð smáhýsi gæti tapast ef bílastæðum verður ekki haganlega fyrirkomið. Stofnunin vill í þessu sambandi benda á staðsetningu bílastæða sem hún telur til fyrirmyndar, við nýtt Fosshótel á Hnappavöllum er bílum komið fyrir norðanmegin við hótelið þannig að sýn til hótelsins frá Hringvegi 1 er ótrufluð af bílastæðum sem og útsýni frá hótelinu til suðurs.

Umhverfisstofnun sagði í umsögn um tillögu að matsáætlun eftirfarandi: „Þótt uppbyggingin fari fram á núverandi lóðum er full ástæða til að íteka að reynt verði að bæta ásynd svæðisins með því að fækka mannvirkjum á svæðinu eins og kostur er þannig að nýbyggingar og náttúrufegurð svæðisins fái notið sín sem best.“

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu hefði mátt gera betur grein fyrir öðrum aðgerðum til að bæta ásynd svæðisins, en mjög víða má sjá ummerki um ýmsar framkvæmdir á undanförunum áratugum.

Úr þessu ætti að bæta við gerð matsskýrslu.


Fráveita Umhverfisstofnun leggur áherslu á að byggð verði fullnægjandi hreinisstöð fyrir hvern áfanga og jafnframt niðurrifi eldri húsa verði gamlar lagnir og rothrær fjarlægðar.

Niðurstaða Um er að ræða framkvæmdir á svæði þar sem mannvirki hafa staðið um áratuga skeið og rekin hefur verið þjónusta við ferðamenn á ýmsum árstímum. Framkvæmdin er innan skilgreinds framkvæmdasvæðis í Ásgarði og er í samræmi við gildandi skipulag og skilmála friðlýsingar sem nú er í vinnslu hjá Umhverfisstofnun. Helstu breytingar sem framkvæmdin mun hafa í för með sér er aukið byggingamagn en sem mótvægi verður fjöldi stakstæðra smáhýsa fjarlægður.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri